

Bleikja ehf.
Laugar, Landsveit
105 Reykjavík

Fjarðarbyggð 4. október 2022
Tilvísun: 2209654

Efni: Staðfesting á skráningu fyrirtækis í fiskeldi

Hér með tilkynnist að Bleikja ehf. hefur uppfyllt öll skilyrði sem sett eru um skráningu fiskeldisfyrirtækja hjá Matvælastofnun samkvæmt reglugerð nr. 1133/2021.

Skráningarnúmer: FE-1201

Hámarkslífmassi í matfiskeldi: 20 tonn

Hámarkslífmassi – fjöldi í seiðaeldi: 1 tonn – 10.000 seiði

Heildar hámarkslífmassi stöðvar má ekki fara yfir 20 tonn (samtala af seiða- og matfiskeldi)

Tegundir í eldi: Bleikja (*Salvelinus alpinus*), lax (*Salmo Salar*), regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*) og urriði (*Salmo Trutta*)

Tegund eldis: Matfisk- og seiðaeldi

Fastanúmer fasteignar: 219-6915

Eingöngu er heimilt að hafa í fiskeldisstöð þær tegundir eldisfisks sem tilgreindar eru í skráningu.

Óheimilt er að vera með villtan fisk og eldisfisk í sömu fiskeldisstöð án heimildar fisksjúkdómanefndar.

Óheimilt er að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð áður en Matvælastofnun hefur staðfest skráningu.

Óheimilt er að flytja eldistegundir, sem ekki eru tilgreindar í skráningu milli fiskeldisstöðva, og lifandi fisk og hrogn milli ótengdra vatnasvæða. Matvælastofnun getur bannað flutning á fiski milli tiltekinna fiskeldisstöðva eða um tiltekin svæði nema að uppfylltum vissum skilyrðum sem lúta að því að draga úr hættu á að sjúkdómar dreifist.

Notkun bóluafna og sýklalyfja í fiskeldi er óheimil nema með samþykki Matvælastofnunar. Óheimilt er að meðhöndla eldisdýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis eða viðurkenndrar rannsóknastofu. Varúðar skal gætt við notkun lyfja og annarra efna í fiskeldisstöð til að koma í veg fyrir að efnin berist út í umhverfið.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar



Andri Snær Þorsteinsson
Sérfræðingur

Meðfylgjandi fylgigögn eða Cc:

1. Fylgiskjal 1: Reglugerð nr.1133/2021 á PDF formi
2. Fylgiskjal 2: Starfsleyfi Umhverfisstofnunar